**123. löggjafarþing 1998–99.** **Nr. 15/123**
**Þskj. 1144 — 16. mál.**

# Þingsályktun

## um Vatnajökulsþjóðgarð.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, möguleika á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð.

Umhverfisráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi árið 2000 með það í huga að unnt verði að stofna Vatnajökulsþjóðgarð á aldamótaárinu.

*Samþykkt á Alþingi 10. mars 1999.*